

Áfangalýsing

Titill	Kvikmyndasaga grunnur
Námsgrein	Kvikmyndasaga
Viðfangsefni	Kvikmyndasaga 20. aldar
Skammstöfun	KVIK2KT05
Prep	2
Einingafjöldi	5
Lýsing	Í áfanganum verður farið yfir kvikmyndasögu 20. aldar, allt frá upphafi kvikmyndataækninnar undir lok 19. aldar til upphafs 21. aldar. Stiklað verður á stóru í þróun kvikmyndalistarinnar með framleiðslu, markaðssetningu, samfélagsmál og efnistösk til hliðsjónar. Lögð verður áhersla á að nemendur öðlist grunnþekkingu á alþjóðlegri kvikmyndasögu þó bandarísk kvikmyndagerð verði fyrirferðamest.
Forkröfur	UMHV1SU05 eða ÍSLE2OS05
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á eftirfarandi atriðum varðandi kvikmyndasögu 20. aldar: <ul style="list-style-type: none">• Upphaf og þróun kvikmyndataækninnar• Upphaf og þróun kvikmyndaframleiðslu í Hollywood• Kvikmyndaframleiðsla í Evrópu• Kvikmyndir og sagnfræði: Hvernig kvikmyndirnar endurspeglar samfélagsgerð og aðstæður samtímans• Þær kvikmyndir sem standa upp úr í kvikmyndasögunni• Áhrifamestu leikstjórnarnir• Kvikmyndagerð minnihlutahópa
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none">• Greina kvikmyndir og átta sig á því hvernig sögur eru sagðar á myndrænan hátt (lesa í myndmálið)• Greina þau tæknibrögð sem gera það að verkum að hámark í söguþræði kvikmyndar virkar (klipping, lýsing, búningar, hljóð o.fl.)• Greina mismunandi kvikmyndastíl
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none">• Að greina kvikmyndir og fjalla um þær á gagnrýninn hátt• Koma auga á þá þætti kvikmyndalistarinnar sem hinn almenni áhorfandi gerir sér ekki grein fyrir• Vinna með kvikmyndasöguna á þverfaglegan hátt (t.d. með félags- og sagnfræði til hliðsjónar)
Námsmat	Símat: <ul style="list-style-type: none">• Krossapróf úr leefni áfangans• Verkefni unnin út frá kvikmyndum sem sýndar verða í kennslustundum og kvikmyndum sem nemendur horfa á heima• Mæting og virkni: Umræður skipa stóran sess í kennslu áfangans og því verður lögð áhersla á að nemendur mæti í tíma, horfi á þær kvikmyndir sem sýndar verða og taki virkan þátt í umræðum.